

Ed.

119. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

2. málsgrein 1. greinar laga nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, orðast þannig:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landsjóði, 1 krónu fyrir hvern mann gjaldskyldan.

2. gr.

3. gr. sömu laga orðast svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 2 krónur á ári, en kvenmaður 1 krónu.

2. gr.

Þjóðist landsstjórninni það verð í eignina, er hún telur viðunanlegt, skal hún gera Reykjavíkurbæ kost á að kaupa eignina fyrir það verð.

Greinargerð.

Jafnvel þó að það kunnist að hafa verið rjettmætt af landsstjórninni á sínum tíma að kaupa þetta hús, þá hefir margt breyst síðan, er hefir þau áhrif, að nú er tímabært að selja það. Allri húsagerð hefir farið fram síðan, og flest hin nýrri hús eru úr steini eða steinsteypu. — Þetta hús við Tjarnargötu er timburhús, en gallinn á þeim flestum er sá, að eftir því sem þau eldast verður viðhaldið á þeim meira og kostnaðarsamara. Fyrir því er rjett að selja húsið, enda eðlilegast og viðfeldnast að öðru leyti, að landið selji þau timburhús, sem það á.

(B. XLIII, 1.)

Nd.

122. Frumvarp

til laga um veitingu læknishjeraða.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Þegar læknishjerað losnar, skal landlæknir auglýsa það með hæfilegum umsóknarfresti, og sendir jafnframt hlutaðeigandi sýslumanni, þar sem læknishjeraðið er, eða aðalhluti þess, auglýsinguna í jafnmörgum samritum og hreppar eða hreppshlutar eru í læknishjeraðinu. En sýslumaður sendir hreppsnefndum samritin til birtingar, og leggur jafnframt fyrir þær að semja kjörskrá yfir þá hreppsþúa, sem náð hafa 25 ára aldri og fullnægja að öðru leyti kosningarskilyrðum til Alþingis, samkvæmt 10. gr. stjórnarskipunarlaga 1915.

2. gr.

Kjörskrá skal vera þannig lögð, að á henni sju fimm dálkar fyrir töluröð kjósenda, nöfn, aldur, stöðu og heimili. Nöfnum kjósenda skal raðað eftir stafrófsröð. Hreppsnefnd skal hafa lokið samningu kjörskrár innan viku frá því oddviti nefndarinnar fjekk brjef sýslumanns. Þegar skráin er samin, leggur hreppsnefnd hana fram á þingstaðnum, kjósendum til sýnis, og auglýsir framlagninguna jafnframt á þann hátt, sem venja er að birta auglýsingar þar í hreppi, enda sje kjörskráin kjósendum til sýnis í fulla viku.

Hreppsnefnd skal tilkynna sýslumanni, hve nær kjörskráin er lögð fram.

3. gr.

Telji einhver sjer ranglega slept af kjörskrá, eða einhvern ranglega tekinn á hana, skal hann kæra um það brjeflega fyrir hreppsnefndinni áður en vika sje liðin frá síðasta sýningardegi skrárinnar. Hreppsnefnd skal boða kæranda og kærða, hafi yfir einhverjum verið kært, þegar að liðnum kærufresti á fund með sjer, og leggur fullnaðarúrskurð á kærana á fundinum.

4. gr.

Þegar hreppsnefnd hefir gengið til fullnaðar frá kjörskrá, sendir hún sýslumanni skýrslu um tölu atkvæðisbærra manna í hreppnum, ásamt vottorði um það, að kjörskráin hafi legið frammi lögmæltan tíma, en sýslumaður skýrir landlækni þegar í stað frá tölu kjósenda í hverjum hreppi í læknishjeraðinu, og landlæknir aftur landsstjórn.

5. gr.

Þegar umsóknarfrestur er á enda, sendir landlæknir landsstjórninni skýrslu um það, hverjir sótt hafi, og um það, hvort þeir fullnægi lögmæltum kröfum til læknisstarfa í þjónustu landsins, og hve marga kjörseðla þurfi.

Kjörseðlarnir skulu allir vera af sömu gerð og jafn stórir, og á þá prentuð í stafrófsröð eftir eiginheiti nöfn umsækjenda. Seðlatalan skal jafnan vera 10% hærri en tala kjósenda.

Stjórnin annast um, að kjörseðlar sjeu búnir nægilega margir til, og sendir þá landlækni. Svo leggur landsstjórnin til, handa hverjum hreppi, tvenn ljereftsfóðruð umslög til afnota við kosninguna, og sje prentað utan á annað »greidd atkvæði« og á hitt »ónýttir og ónýttir seðlar«.

Landlæknir sendir síðan sýslumanni með póstabýrgð kjörseðla, umslög, umsóknir með fylgiskjölum og eigin ummæli í innsigliðum sendingum sjer til hveurrar hreppsnefndar, og staðfestir hann áður afrit umsóknargagna. Sýslumaður sendir síðan hreppsnefndum, en þær leggja umsóknirnar, ásamt fylgiskjölum, fram á þingstaðnum til sýnis, enda skulu skjöl þessi liggja til sýnis að minsta kosti viku. Jafnframt ákveður sýslumaður kjörfundardag fyrir hreppana með hæfilegum fresti, og setur sama dag og stundu í öllum hreppunum.

Kosning skal fara fram á þingstað hreppsins.

6. gr.

Í kjörstjórn í hreppi hverjum skulu eiga sæti þrir menn. Hreppstjóri skal vera oddviti kjörstjórnarinnar og stýra kosningunni, en hreppsnefndin kys úr sínum hópi tvo menn í kjörstjórnina.

7. gr.

Þegar kjörfundardagur er kominn, skal kjörstjórn vera komin á fundarstað á tilsettum tíma. Oddviti kjörstjórnar skal setja fund og stýra honum. Hamli veður, umgangsveiki eða önnur slik atvik ferðum manna, skal kjörstjórn boða til kjörfundar af nýju, svo fljótt sem auðið er.

8. gr.

Kjörstjórnin skal hafa gerðabók, er sjerstaklega sje til þess gerð og löggilt af landlækni, kjörskrá og atkvæðakassa með sömu gerð og atkvæðakassar við alþingiskosningar.

Fundarhúsi skal vera þannig háttað, að inn af fundarherberginu sje herbergi eða klefi, er ekki sje innangengt í, nema úr fundarherberginu, og að öðru leyti svo um búíð, að ekki sjáist að utan eða annarstaðar frá þangað inn, nje heldur sje hægt að sýna kjörseðilinn þeim, er utan klefans kynni að vera. Sje herbergjum ekki svo háttað á kjörfundarstaðnum, skal tjalda af eitt hornið í herberginu, svo ekki sjáist, hvað gert er fyrir innan tjaldið. Í klefanum, eða fyrir innan tjaldið, skal vera borð og hæfilega margir blýantar samlitir.

9. gr.

Oddviti kjörstjórnar skýrir kjósendum frá því í fundarbyrjun, hverjir sjeu í kjöri.

10. gr.

Hver umsækjandi á rjett á, sje hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hreppi umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rjett til að rannsaka, að atkvæðakassar sjeu tómir áður en atkvæðagreiðsla byrjar, rjett til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundinum, rjett til að undirrita fundargerð fundarins, rjett til að innsigla ásamt kjörstjórninni endursenda kjörseðla, og yfirleitt rjett til að gæta þess, að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, er kjörstjórnin ákveður.

Þyki umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrjett, á hann rjett á að fá ágreiningsálitíð bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker yfirkjörstjórnin úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

Umboðsmaður umsækjenda má ekki eiga sæti í kjörstjórninni.

11. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn. Felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu. Auk kjörstjórnarinnar má eigi vera inni í kjörherberginu nema einn kjósandi í senn og umboðsmenn umsækjenda, ef þeir eru ekki sjálfir viðstaddir.

12. gr.

Kosningarathöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá sýslumanni, og skulu þeir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn umsækjenda undir. Því næst opnar oddviti böggullinn og telur seðlana, og meðkjörstjórnarmenn og umboðsmenn telja þá líka, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

Þá skal kjörstjórnin opna atkvæðakassann og sýna kjósendum og umboðsmönnum, að atkvæðakassinn sje tómur. Að því búnu læsir kjörstjórnin kassanum og lætur ganga til kosninga.

13. gr.

Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörslu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á. Kjörstjórn getur kvatt fleiri menn sjer til aðstoðar til að halda uppi reglu, ef þurfa þykir.

14. gr.

Kjósendur ganga fram og kjósa í þeirri röð, er þeim list og þeir komast að. Sje ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal dyravörður hleypa þeim fyr inn, sem stendur framar á kjörskránni.

Þegar kjósandi kemur inn í herbergið, gengur hann til oddvita kjörstjórnar, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá. Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger, að fá inn með sjer 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sje sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun.

15. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði hreppstjóra sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá, í læknishjæraðinu og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum.

16. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, er oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann, að borði því er þar stendur, og gerir kross með blýanti þeim, er kjörstjórnin leggur til, framan við nafn þess umsækjanda, er hann vill velja. Síðan brýtur kjósandi seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu, og gætir þess, að enginn sjái hvað á seðlinum er.

Ónýtist seðill eða gallist hjá kjósanda, getur hann fengið nýan seðil hjá oddvita kjörstjórnarinnar gegn því að skila hinum. Þegar kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og gengur svo koll af kolli, þar til enginn kjósandi gefur sig fram. Þá kjósa þeir, sem í kjörstjórn sitja og umboðsmenn umsækjanda, ef þeir eiga atkvæðisrjett, á sama hátt og aðrir kjósendur, og er kosningarathöfninni þar með lokið.

17. gr.

Sje kjósandi ekki fær um að kjósa vegna orsaka, er kjörstjórnin tekur gildar, á hann rjett á, að sá, er hann tilnefnir úr kjörstjórninni, hjálpi honum til þess, en geta skal þess í gerðabókinni.

10. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á. Þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn biða $\frac{1}{4}$ klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram; þó má ekki slíta atkvæðagreiðslu að þeim stundarfjórðungi liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á. Aldrei má slíta atkvæðagreiðslu fyrir en 2 klukkustundir eru liðnar frá því byrjað var að taka við atkvæðum.

19. gr.

Í Reykjavík og öðrum kjördæmum landsins, þar sem eru 800 kjósendur eða fleiri, má kjósa á fleirum en einum stað i einu, eftir nánari ákvæðum bæjarsjórnar eða hreppsnefndar. Þó skal setja kjörfund og slíta honum á sama stað. Þeir menn, tilnefndir af hreppsnefnd, mynda undirkjörstjórn fyrir kjörstað hvern og taka þar við atkvæðum. Hver kjördeild skal hafa staðfest eftirrit af kjörskránni og fundarbók. Hreppsnefnd ákveður, hverjir skuli kjósa á hverjum stað. Að öðru leyti fer kosningarathöfnin fram á aukakjörstöðum sem á aðalstað væri, og skal henni lokið jafnt á öllum stöðunum. Þegar atkvæðagreiðslu er lokið, skal afhenda kjörstjórn atkvæðakassa og kjörgögn, er tekur það til venjulegrar meðferðar.

20. gr.

Þegar kosningarathöfn er lokið, hvolfir kjörstjórnin seðlunum úr atkvæðakassanum og lætur þá i umslög og setur, ásamt umboðsmönnum umsækjenda, ef þeir óska þess, innsigli sín fyrir. Enn fremur tekur kjörstjórnin ónotaða og ónýta seðla og lætur þá i umslag og innsigilr sem fyrir segir. Til þessa skal nota umslög þau, er kjörstjórninni hafa verið send. Kjörstjórnin sendir síðan landlækni, sem er formaður yfirkjörstjórnar, með póstaþbyrgð afrit gerðabókar, umsóknarskjöl öll, afrit kjörskrár, þar sem sjest hverjir kosið hafa, og seðlaumslögin. Senda skal kjörstjórnin sendingu þessa með fyrstu skipisferð eða póstferð, er verður eftir kjörfundardag.

21. gr.

Alt það, er snertir kosninguna, skal innfært i kjörbókina, og þegar kosningarathöfninni er lokið, skulu kjörstjórnir og umsækjendurnir, eða umboðsmenn þeirra, rita undir hana. Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir umsækjanda eða umboðsmann áhrærandi kosningargerðina, á hann rjett á að bóka það sjálfur, og skrifi hann nafn sitt undir.

22. gr.

Yfirkjörstjórn skipa landlæknir landsins og 2 menn aðrir, er stjórnarráðið skipar til 5 ára i senn.

Afl atkvæða ræður, ef ágreiningur verður með yfirkjörstjórn.

Jafnskjótt og sendingarnar eru komnar úr öllum hreppum læknishjersins, tekur yfirkjörstjórn til stund og stað til að telja saman atkvæðin, og auglýsir það i blaði því, er flytur stjórnvaldaauglýsingar.

23. gr.

Umsækjandi hver hefir rjétt á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda, meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, sje hann eigi sjálfur viðstaddur. Sje umsækjandi eða umboðsmenn hans ekki mættir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við i þeirra stað.

24. gr.

I viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað læknishjæraðsins, eftir að gætt hefir verið að öll innsiglin sjeu ógölluð. Jafnótt og hver sending er opnuð, skal seðlum þeim, sem i henni eru, óskoðuðum helt i hæfilega stórt, tómt ilát með loki yfir, og þannig haldið áfram, uns allar sendingarnar eru opnaðar. En við og við skal loka ilátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman; því næst opnar oddviti ilátið, og kjörstjórnin rannsakar, hve mörg atkvæði hver einstakur umsækjandi hefir fengið. Rísi ágreiningur um það, hvort kjörseðill sje gildur eða ógildur, ræður úrslitum afl atkvæða i kjörstjórninni.

Kjörstjórnin heldur gerðabók og sendir landsstjórninni afrit af henni, ásamt kosningargögnum.

25. gr.

Reynist gallar á undirbúningi eða framkvæmd kosningar, enda verið kært yfir því áður en hálfur mánuður leið frá kosningu, getur landsstjórnin, að fengnum tillögum yfirkjörstjórnar, ónýtt kosninguna og fyrirskipað nýja kosningu.

26. gr.

Hafi helmingur kjósenda i læknishjæraðinu greitt atkvæði á kjörfundum, og fái einhver umsækjenda meiri hluta greiddra atkvæða, er hann kjörinn læknir fyrir hjæraðið og fær veitingarbrjef ráðherra fyrir hjæraðinu. Fái enginn umsækjenda fyrgreindan atkvæðafjölda, er stjórnin ekki bundin við atkvæðagreiðsluna, og leitar hún þá tillögu landlæknis um það, hver umsækjandi standi fremst og skuli veitt hjæraðið.

27. gr.

Sæki að eins einn umsækjandi um hjæraðið, getur landsstjórnin, að fenginni tillögu landlæknis, veitt honum læknishjæraðið, án þess að kosning fari fram.

28. gr.

Enginn, er kosið hefir, er skyldur til að skýra frá því fyrir rjetti, hvornig hann hafi neytt atkvæðisrjettar síns, hvers kyns sem mál það er, sem hann er krafinn vitnisburðar i.

29. gr.

Hvorki kjörstjórnarmedlimur nje nokkur annar, sem staddur er i kosningastofunni, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósenda, meðan á kosningunni stendur, til þess að kjósa einn umsækjanda öðrum fremur.

Eigi ma kjörstjórnarmeðlimur skýra frá því, er hann kann að nara oroið áskynja um, að því er atkvæðagreiðslu kjósenda snertir.

Brot gegn ákvæðum þessum varða einföldu fangelsi, ekki skemur en viku, eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 25 kr.

30. gr.

Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru falin á hendur í lögum þessum, sæti hann minst 20 kr. sekt.

Ef kjörskrá er ekki til í tæka tíð, varðar það hvern nefndarmann 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir liður.

Önnur brot gegn lögum þessum varða allt að 200 kr. sektum.

Allar sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð.

31. gr.

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 5 kr. á dag, sem þeir vegna kosninganna eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, símskeyta og húsnæðis o. fl.

Borgun til yfirkjörstjórnar, svo og útbúning kjörseðla og atkvæðakassa, skal greiða úr landssjóði, en kostnað við undirkjörstjórnir skal greiða úr hlutadeigandi sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

32. gr.

Hver sem býr til kjörseðla, er líkjast kjörseðlum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sjer, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti einföldu fangelsi eigi skemur en 3 mánuði.

33. gr.

Með lögum þessum er numin úr gildi 1. málsgrein 2. greinar í lögum nr. 34, frá 16. nóv. 1907, um skipun læknishjaraða á Íslandi, svo og önnur ákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Greinargerð fyrir frumvarpinu.

Mál það, sem hjer ræðir um, kosning lækna, er ekki neitt nýtt mál meðal þjóðarinnar. Það er langt síðan að óskir í þessa átt hafa verið samþykktar á þingmálafundum víðsvegar á landinu, og þjóðin fundið til þess, að þörf var á að breyta veitingareglum þeim, sem fylgt hefir verið.

Þær ástæður, er menn hafa fyrir máli þessu, eru margar. Af þeim vil jeg taka fram:

1. að það er jafn-rjettmætt, að þjóðin fái að kjósa sjer lækna þá, sem hún á við að búa, sem presta.

2. að það er meiri trygging fyrir því, þar sem líf og heilsa manna er undir því komin, að menn hafi góðan lækni, að kosning hans takist vel, og að fólk velji þann lækni, sem færastur er og fremstur, og

3. að með því fá menn þann lækni, sem þeim er geðfeldastur og þeir bera best traust til.

Um frumvarpið að öðru leyti skal jeg að eins taka það fram, að það er sniðið eftir lögum um veitingu prestakalla og eftir kosningalögum til Alþingis. Þó skal þess getið um 1. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir, að senda beri kosningarskjölin til þess sýslumanns, þar sem aðal-hluti læknishjæraðsins er, að um 9 læknishjeruð á landinu eru ekki bundin við sýslutakmörk.

(C. X, 1.)

Nd.

123. Tillaga

til þingsályktunar um forstöðu verslunar landssjóðs.

Frá bjargráðanefnd.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að greina landssjóðsverslunina frá 2. skrifstofu stjórnarráðsins og setja upp sjerstaka skrifstofu með sjerstökum forstjóra, er annist þau verslunarstörf.

Athugasemdir við tillögu þessa:

Pegar áður en styrjöldin mikla hófst, var 2. skrifstofa störfum hlaðnari en hinar skrifstofur stjórnarráðsins, og starfskraftar voru þar eigi meiri en svo, að þau störf fengist viðunanlega af hendi leyst, enda þess eigi kostur að bæta þar starfsmönnum við sakir rúmleysis á skrifstofunni.

Styrjöldin skapaði mörg ný mál. Er þar fyrst að telja verslun landssjóðs og alt, er að henni lýtur, skipakaup, skipaleigu o. s. frv., útflutningsleyfi frá útlöndum á varningi hingað, bæði fyrir landssjóð og einstaka menn, samningamál við önnur ríki og framkvæmd þeirra mála, útflutningsleyfi varnings hjeðan, útveg-anir innlendrar vöru, svo sem eldsneytis, fóðurbætis o. s. frv.

Framan af styrjöldinni gengu siglingar milli Íslands og annara landa nokkurn veginn greiðlega. Landssjóðsverslun var þá í margfalt smærri stíl en nú er hún. Svo var það, að þess var vænst, að styrjöldin mundi miklu skemur standa en raun hefir á orðið. Fyrir því að verslun landssjóðs var þá lítil, í sam-anburði við það sem nú er, og vegna þess að búist var við því, að styrjöldinni mundi fyr af ljett en raun hefir á orðið, hefir eigi þótt nauðsyn á að setja bein-línis upp sjerstaka skrifstofu, er með þau mál færi á líkan hátt og skrifstofur stjórnarráðsins fara með mál þau, sem til þeirra eru lögð. Styrjaldarmálin öll, aðalmeðferð þeirra, voru því í öndverðu styrjaldarinnar lögð til 2. skrifstofu stjórnarráðsins, og hefir það skipulag hingað til haldist, að minsta kosti í öllum aðalatriðum.

Reynslan hlaut að verða sú, að 2. skrifstofa stjórnarráðsins mundi traudla, þrátt fyrir samviskusemi og dugnað skrifstofustjóra þar og annara starfsmanna,

anna öllum þeim störfum, sem styrjöldin skapaði, í viðbót við öll þau mál, er þangað hafði þegar verið skipað, enda verslunarstörfin all-óskyld þeim.

Nefndin hefir því borið fram þingsályktunartillögu þá, sem áður er skráð. Væntir nefndin þess, að sú verkaskifting, sem farið er fram á, muni hallkvæm reynast.

Nefndin ætlast til þess, að sjerstakur forstjóri verði settur fyrir verslunarskrifstofuna, og að hann hafi þar samskonar afstöðu um mál þau, sem þangað verða lögð, sem forstjórar á skrifstofum stjórnarráðsins hafa nú um mál þau, sem þar er farið með. Starfsmenn til að annast framkvæmd mála verslunarskrifstofunnar verða vitanlega ráðnir eftir þörtum. Og auðvitað er, að verslunarskrifstofan starfar undir umsjón og á ábyrgð ráðherra, svo sem skrifstofur stjórnarráðsins. Afstaða verslunarskrifstofunnar til stjórnarráðsins mun verða lík og afstaða hagstofunnar til þess, samkvæmt lögum nr. 24, 20. okt. 1913, 1. gr.

Kostnað af skrifstofuhaldinu virðist eiga að setja á verslunarreikninginn, eins og önnur gjöld, er verslun landssjóðs hefir í för með sjer. Og virðist hentast að verslunarreikningurinn sje aðgreindur reikningum landssjóðs svo sem unt er. Enda sje reikningshald verslunar landssjóðs verk verslunarskrifstofunnar.

Það er að nokkru leyti vafamál, hvert starfsvið verslunarskrifstofunnar skuli vera. Nefndin telur þar til útvegum útlendrar vöru og innlendrar og önnur verk í sambandi þar við, rannsókn á vörubirgðum hjer á landi, innheimtu, vátrygging, skipaleigu, skipakaup, farmsamninga, upp- og útskipun og aðra vöruafgreiðslu. Nefndin vill eigi dæma um það, hvort önnur styrjaldarmál, svo sem samningar við önnur ríki, málaleitanir um útflutnings- eða innflutningsleyfi skuli hverfa til verslunarskrifstofunnar. Mætti slíkt ef til vill nokkuð fara eftir því, hver yrði forstjóri hennar. Stjórnin verður því að haga þessu eftir því sem henni þykir hallkvæmast.

(C. XI, 1).

Nd.

124. Tillaga

til þingsályktunar um hafnargerð í Þorlákshöfn.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Einar Arnórsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta, svo fljótt sem unt er, hafnarverkfræðing rannsaka, enn betur en gert hefir verið, byggingu öruggrar hafnar í Þorlákshöfn og útvega áætlun um, hvað slík hafnargerð muni kosta.

(B. LVII, 1.)

Ed.

125. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 13. sept. 1901, um manntal í Reykjavík.

Flutningsm.: Kristinn Danielsson.

1. gr.

Aftan við 3. gr. bætist:

Svo skal og árlega láta hagstofunni endurgjaldslaust í tje eftirrit af öllu manntalinu.

2. gr.

Síðari hluti 5. greinar falli burtu með og frá orðunum: »en hins vegar«.

Ástæður.

Með lögum um manntal í Reykjavík frá 13. sept. 1901 var ljett af dómkirkjuprestinum öllum störfum við manntal í sjálfum kaupstaðnum og lögreglustjóranum falið að taka það á kostnað bæjarins, en hins vegar prestinum gert að skyldu að halda eftir sem áður svofelt sálmaregistur, að hann gæti eftir því samið hina venjulegu manntalsskýrslu, er prestum ber að senda prófasti, en þar er mannfjöldanum meðal annars skift í flokka eftir aldri. Skýrslur þessar gerir hver prestur fyrir sína söfnuði, og eins er það hjer í Reykjavík, að dómkirkjupresturinn gerir skýrsluna fyrir dómkirkjusöfnuðinn, frikirkjupresturinn og aðrir prestar og safnaðaforstöðumenn fyrir sína söfnuði. Annarstaðar taka prestarnir sjálfir manntalið og gera skýrsluna eftir því, en hjer í Reykjavík fá prestarnir útskrift úr bæjarmanntalinu um sína safnaðarlími, til þess að gera eftir henni skýrsluna fyrir sinn söfnuð, eða þeir fá sjálft bæjarmanntalið lánað um tíma til þess. Í háðum tilfellum er mjög hætt við ruglingi, enda hefir það og sýnt sig, að útkoman úr þessum skýrslum prestanna hefir hvergi nærri komið heim við bæjarmanntalið í heild sinni. Það er líka mjög svo óeðlileg krókaleið, sem hjer er farin. Þær upplýsingar um bæjarbúa, sem menn víja fá í manntalinu, er auðvitað sjálfsagt að taka beint úr því, en ekki fyrst með mikilli fyrirhöfn að tína út úr þá menn, sem eru í hverjum söfnuði og hafa þannig miklu lakari grundvöll til að byggja á. Það er heldur engin önnur ástæða en vaninn til þess að láta prestana gera þessa skýrslu, úr því að þeir taka ekki lengur manntalið.

Af framangreindum ástæðum er hjer stungið upp á að nema úr gildi síðari hluta 5. gr. í lögum um manntal í Reykjavík frá 13. sept. 1901, þar sem prestum í Reykjavík er gert að skyldu að halda svofelt sálmaregistur, að þeir geti eftir því samið hina venjulega fólkstalsskýrslu.

Þá er hjer enn fremur stungið upp á, að hagstofan fái árlega endurgjaldslaust eftirrit af öllu manntalinu. Er það gert til þess, að hagstofan geti sjálf unnið úr því þær skýrslur, sem prestarnir hafa hingað til gert, eða aðrar, sem á-